

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um samræmd próf.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hver var árlegur beinn kostnaður frá og með árinu 2010 af því að leggja fyrir samræmd próf í grunnskólum, sundurliðað eftir því hvort prófin voru á pappír eða rafræn?
2. Hver var að mati ráðherra óbeinn kostnaður og hvernig skiptist hann?
3. Hver er væntur kostnaður af endurfyrirlögn prófanna nú í ár?
4. Hver var árlegur kostnaður við innleiðingu rafrænna prófa? Óskað er eftir sundurliðun helstu kostnaðarþátta á þeim árum þegar innleiðingarkostnaður féll til.
5. Telur ráðherra að prófin mæli þá þætti sem lögð er áhersla á í starfi grunnskóla í landinu og á hvaða rökum byggist sú skoðun? Ef ekki, hvaða þætti telur ráðherra að leggja beri áherslu á í prófunum?

Skriflegt svar óskast.